

**Samgöngu- og
sveitarstjórnarráðuneytið**

M i n n i s b l a ð

Viðtakandi: **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis**
Sendandi: **Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið**
Dagsetning: **10.12.2018**
Málsnúmer: **SRN18120024**
Bréfalykill: **3.5**

Efni: Félagshagfræðileg arðsemi áætlanaflegs innanlands. Svar til umhverfis- og samgöngunefndar

Félagshagfræðileg arðsemi áætlanaflegs innanlands

Samkvæmt niðurstöðum kostnaðar-/ábatagreiningar sem framkvæmd var síðla árs 2013 er ábati af innanlandsflugvallakerfinu um 70,8 milljarðar króna á verðlagi ársins 2013, borið saman við akstur á sömu leiðum. Uppreiknuð samsvarar fjárhæðin 77 milljörðum króna á núverandi verðlagi. Miðað var við tímabilið 2013-2053 að teknu tilliti til áhrifum óvissu í farþegaspá á niðurstöðuna.

Niðurstöður sýndu að þjóðhagslegur ávinningur samfélagsins af hverri krónu sem varið er til fjárfestinga hins opinbera til flugvallanna er 1,48 kr, þ.e. þjóðhagsleg arðsemi er 48%. Þjóðhagsleg arðsemi af fjárfestingum er mest af Egilsstaðaflugvelli eða 251%, 45% af Ísafjarðarflugvelli og 41% af Akureyrarflugvelli. Af öðrum flugvöllum er neikvæð þjóðhagsleg arðsemi. Núvirðisgreiningin sýnir að mestur þjóðfélagslegur ábati fæst af þjónustu Egilsstaðaflugvallar, á meðan flug og flugvellir sem njóta ríkisstyrkja skila tapi að undanskildum flugvöllum í Grímsey og á Bíldudal en þeir greinast rétt um núllið.

Einnig voru rannsökuð áhrif flugsins á samfélagið. Helstu niðurstöður k-/á greiningar og áhrifum á samfélagslega virðisþætti eru birtar í töflunni þ.e. atvinnu, heilsu, menntun, aðgengi að þjónustu, menningu, afþreyingu, fjölskyldu- og félagsleg tengsl og öryggi. K-/Á greiningin er í m.kr á verðlagi ársins 2013, ávöxtunarkrafa er 5% og 40 ára arðsemistími, 2013-2053. Nettónúvirði vísar til samtölu áhrifa á notendur, ríkisvald og samfélagið í heild sinni. Í mati á samfélagslegum þáttum, áhrifum á notendur flugsins merkja táknið í töflunni eftirfarandi:

- (0) = hverfandi samfélagslegar afleiðingar fyrir virðisþáttinn.
 (-) = lítið neikvæðar samfélagslegar afleiðingar fyrir virðisþáttinn.
 (- -) = frekar neikvæðar samfélagslegar afleiðingar fyrir virðisþáttinn.
 (- - -) = þó nokkuð neikvæðar samfélagslegar afleiðingar fyrir virðisþáttinn.
 (- - - -) = mjög neikvæðar samfélagslegar afleiðingar fyrir virðisþáttinn

Félagshagfræðileg greining							
	Kostnaðar-/ábatagrei- ning	Félagsleg greining					
Flugvöllur	Nettóávinningur á útgjaldakrónu	Heilsa og öryggi	Menntun	Atvinna	Áðgengi að þjónustu	Menning og afþreying	Fjölskyldutengsl
Egilsstaðir	3,51	(- - -)	(- - -)	(- - -)	(-)/(- -)	(-)	(-)
Akureyri	1,45	(- -)/ (- - -)	(- -)	(- - -)	(-)/(- -)	(0)/(-)	(-)
Ísafjörður	1,41	(- -)	(-)	(- - - -)	(-)	(0)	(-)
Húsavík	0,53	(- -)	(-)/ (- -)	(- - -)	(-)	(0)	(-)
Bíldudalur	0,19	(- - -)	(- -)	(- -)/ (- - -)	(- -)	(0)/(-)	(-)
Grimsey	0,45	(- - - -)	(- - -)/ (- - - -)	(- -)/ (- - -)	(- - -)	(0)	(- -)
Gjögur	-0,74	(- - -)	(- -)	(- - -)	(- -)	(0)/(-)	(-)
Þórshöfn	-1,19	(- - -)/ (- - - -)	(- -)/ (- - -)	(-)	(- -)	(-)	(-)
Vopnafjörður	-1,26	(- - -)	(- -)	(- -)	(- -)	(-)	(-)
Höfn	-1,28	(- - -)	(- -)	(- -)	(-)/(- -)	(0)	(-)
Vestmanna- eyjar	-2,07	(- -)/ (- - -)	(-)/(- -)	(- - -)/ (- - - -)	(- -)	(-)	(-)

Ljóst er að þjóðfélagslegur ábati af áætlanaflogi er mikill og eykst eftir því sem flugleiðin er lengri. Áhrif á samfélag eru einnig mikil, mest þar sem einangrun eða vegalengd í nauðsynlega þjónustu er mest. Þá er innanlandsflugið gríðarlega mikilvægt fyrir atvinnulíf á landsbyggðinni, ekki hvað síst vegna tímavirði við að nálgast vörur og þjónustu.